



## 549. fundur stjórnar SASS

Haldinn að Hótel Laka Skaftárhreppi

27. september 2019, kl. 11:00 – 18:00

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Helgi Kjartansson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Ari Björn Thorarensen og Björk Grétarsdóttir. Þá situr fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð og Haraldur Hjaltason ráðgjafi hjá ráðgjafafyrirtækinu Artemis, undir dagskrárlið 2.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna á stjórnar- og vinnufund stjórnar á Hótel Laka í Skaftárhreppi.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 548. fundar undirrituð.

### 2. Vinnufundur stjórnar

Haraldur Hjaltason, ráðgjafi hjá Artemis, leiddi umræður. Formaður fór yfir starf samtakanna og helstu verkefni frá síðasta vinnufundi. Í framhaldi var farið yfir hlutverk samtakanna og horft til framtíðar. Fjallað var um tækifæri og ógnanir í ytra umhverfinu og í innra umhverfi hvað væri vel gert og hvað mætti betur fara. Í framhaldi var farið yfir helstu verkefni. Niðurstöður fundarins verða til umfjöllunar á næsta stjórnarfundi.

### 3. Stefnumörkun Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 - 2024

Kynnt voru uppfærð drög að stefnumörkun Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 – 2024 sem nú eru til kynningar á samráðsgátt Stjórnarráðsins. Þar er hægt að koma með ábendingar um stefnuna fram til 8. október nk. Mótuð stefna verður lögð fram til kynningar og afgreiðslu á komandi ársþingi samtakanna.

### 4. Dög að dagskrá ársþings og aðalfundar SASS 2019

#### a. Dagskrá ársþings og aðalfundar

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu uppfærð drög að dagskrá komandi ársþings og aðalfundar SASS sem fram fer á Hótel Geysi í Bláskógabyggð 24. – 25. október nk. Lagt er til að Helgi Kjartansson oddviti og Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri verði fundarstjórar á þinginu og



að Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og var það samþykkt. Formanni og framkvæmdastjóra falið að uppfæra dagskrána í samræmi við umræður á fundinum.

*b. Starfsskýrsla SASS 2018 – 2019*

Er í vinnslu hjá starfsmönnum samtakanna.

*c. Tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda*

Drög að tillögu að launum stjórnar, ráða og nefnda á vegum SASS lá fyrir fundinum en hún er óbreytt frá fyrra ári. Samþykkt að leggja hana þannig fram fyrir ársþingið.

*d. Drög að fjárhagsáætlun SASS 2020*

Framkvæmdastjóri kynnti framkomin drög að fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2020 og fór yfir forsendur sem liggja til grundvallar. Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að yfirfara drögin og gera breytingar á þeim til samræmis við umræður á fundinum. Uppfærð drög með skýringum verða senda á stjórn og lögð fyrir komandi ársþing.

## 5. Menntaverðlaun Suðurlands 2019

Stjórn SASS samþykkir að skipa Sigurð Sigursveinsson og Ásgerði Kristínu Gylfadóttur í samstarfshóp um úthlutun Menntaverðlauna Suðurlands 2019. Til vara er Arna Ír Gunnarsdóttir. Ráðgjafi á vegum SASS verður hópnur til aðstoðar.

## 6. Samgönguáætlun SASS 2019 - 2029

Formaður samgöngunefndar, Sæmundur Helgason Höfn Hornafirði, kynnti drög að niðurstöðum í vinnu samgöngunefndar SASS sem hefur verið að störfum á árinu. Nefndin hefur kallað til fjölmarga sérfræðinga í samgöngumálum. Nefndin hefur listað upp 11 forgangsverkefnum í samgöngumálum á Suðurlandi sem hún telur þörf á að fara í á árunum 2019-2029. Nefndin telur að allir áherslupunktarnir séu jafn mikilvægir.

Töluverðar umræður voru um framkomin drög. Stjórn þakkaði nefndinni sérstaklega fyrir gott starf og greinargóða skýrslu.

Samgönguáætlun SASS 2019 – 2029 verðu lögð fyrir komandi ársþing samtakanna og þar mun Sæmundur kynna helstu niðurstöður.

## 7. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 746. fundar stjórnar SSS, 47. fundar stjórnar SSVN, 147. fundar stjórnar SSV, 873. fundar stjórnar sambandsins og 324. fundar stjórnar Eyþings.

b. Kauptilboð í húseign SASS að Austurvegi 56

Formaður kynnti kauptilboð sem borist hefur í fasteign samtakanna að Austurvegi 56 á Selfossi. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu rök með og móti sölu fasteignarinnar. Stjórn



þakkar fyrir framkomið tilboð en telur að sinni ekki ástæða til að breyta fyrri ákvörðun og því er tilboðinu hafnað.

Framkvæmdastjóra falið að svara tilboðsgjafa.

c. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Erindi hefur borist frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðjóni Bragasyni, þar sem sveitarfélög og landshlutasamtök eru hvött til að samþykkja yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Yfirlýsingin var lögð fram á stofnfundi sem haldinn var 19. júní sl.

Stjórn SASS tekur heilshugar undir hana og samþykkir framkomna yfirlýsingu um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

d. Annað

- Formaður sagði frá fundum starfshóps um svæðisskipulagsgerð fyrir Suðurlandi. Í framhaldi af vinnufundunum var minnisblað sent á hlutaðeigandi sveitarstjórnir þar sem m.a. er lagt til að farið yrði í gerð svæðisskipulags fyrir Suðurlandi.
- Alls bárust 37 umsóknir í starf sem samtökin auglýstu laust til umsóknar á skrifstofu. Verið er að vinna úr umsóknum og í framhaldi verða aðilar boðaðir í viðtal.
- Kjördæmavika Alþingis fer fram 30. september – 4. október og munu þingmenn Suðurlandis hitta sveitarstjórnarfólk á Suðurlandi.
- Fjármálaráðstefna Sambandsins íslenskra sveitarfélaga verður haldin 3. – 4. október nk. og af því tilefni munu samtökin efna til veislu í Reykjavík fyrir sveitarstjórnarfólk úr landshlutanum að kvöldi fimmtudagsins 3. október. Daginn fyrir ráðstefnuna eða síðdegis 2. október munu formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna halda sinn árlega haustfund.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 23. október nk. kl. 18:00

Fundi slitið kl. 18:10.

Eva Björk Harðardóttir  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Björk Grétarsdóttir  
Helgi Kjartansson  
Ásgerður Kristín Gylfadóttir  
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir  
Friðrik Sigurbjörnsson  
Ari Björn Thorarensen  
Grétar Ingi Erlendsson